

Klaisorgelið endurnýjað

Stóra orgel Hallgrímskirkju, smíðað í hinni heimspektu orgelsmiðju Johannes Klais í Bonn í Þýskalandi, er stærsta hljóðfæri Íslands. Það var vígt 13. desember 1992. Stærð þess, glæsileg hönnun og hljómgæði í samspili við afburða orgelhljómburð og fegurð innrýmis Hallgrímskirkju hafa gert þetta orgel mjög eftirsótt um allan heim. Fremstu organistar heimsins sækjast eftir því að halda tónleika í Hallgrímskirkju. Listvinafélag Hallgrímskirkju hefur frá vígslu orgelsins staðið fyrir reglubundnu orgeltónleikahaldi, sem smám saman hefur vaxið, einkum á sumrin þegar þúsundir ferðamanna sækja Alþjóðlega orgelsumarið, hátíð sem stendur frá júní til ágúst hvert ár. Á hverju ári eru haldnir um 40 orgeltónleikar í Hallgrímskirkju. Orgelið þjónar Hallgrímssöfnuði við helgihald árið um kring, í hverri guðspjónustu, við brúðkaup og úttarir. Auk þess fá lengst komnir nemendur við Tónskóla þjóðkirkjunnar að njóta kennslu við þetta fullkomna hljóðfæri. Varla líður nokkur dagur að ekki sé spilað á Klaisorgelið í Hallgrímskirkju.

Í byrjun árs 2013 komu orgelsmiðir frá Klais orgelsmiðjunni í Bonn til að hreinsa orgelið og endurnýja ýmsa hluti sem vegna mikils álags höfðu slitnað. Við hreinsunina þurfti að taka allar pípur (samtals 5273) úr orgelinu. Í leiðinni gafst einstakt tækifæri til að gera breytingar á tölvubúnaði orgelsins, sem ný tækni og auknar kröfur kalla á. Nú þegar þessu umfangsmikla verki er lokið má segja að Klaisorgelið í Hallgrímskirkju sé sem nýtt, hver einasta pípa hefur verið þússuð og endurstíllt, rafrænt stýrikerfi orgelsins hefur verið uppfært til dagsins í dag, með mörgum heillandi nýjum möguleikum. Listamenn sem komu fram á Alþjóðlegu orgelsumri 2012 gáfu vinnu sína til stuðnings viðgerðarsjóði. Við kirkjudyrd hefur verið komið upp upplýsingum og söfnunarpípu, þar sem orgeltónlistarvinum gefst áfram kostur á að leggja okkur lið í þessu kostnaðarsama verkefni. Listvinafélagið færir öllu stuðningsfólki innilegar þakkir. Gleðilegt Alþjóðlegt orgelsumar 2015! Hörður Áskelsson organisti Hallgrímskirkju



The renovation of the 72 stop Klaisorgan

The big organ in Hallgrímskirkja, built in Johannes Klais' world-renowned Orgelbau in Bonn in Germany, is the largest musical instrument in Iceland. It was inaugurated on December 13th 1992 and celebrated its twentieth anniversary 2012. Its size, elegant design, and sound, coupled with the acoustics and splendid interior of Hallgrímskirkja have made this grand organ a much sought after instrument all over the world. The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society has from the organ's inauguration organized an ever increasing number of organ concerts, especially during the summer when thousands of tourists attend the International Organ Summer, an annual festival held from June until August. Each year, around 40 organ concerts are given in Hallgrímskirkja and advanced students at the Music Academy of the Evangelical Lutheran Church of Iceland frequently receive lessons at this excellent instrument. Hardly a day goes by without someone playing Hallgrímskirkja's Klais-organ.

At the beginning of 2013 representatives from the Klais Orgelbau in Bonn arrived in Iceland to clean the organ and renew various pieces of hardware that had become worn due to much strain. During this process all 5,273 organ pipes had to be removed. This presented an excellent opportunity for modifications on the organ's computer equipment, called for by new technology and increased demands. At the completion of this extensive project it can be said that the Klaisorgan in Hallgrímskirkja is as new, every pipe has been

polished and retuned and the electronic operating system has been updated, with many fascinating new possibilities. Information and a collection-pipe may be found at the church entrance, where friends of the organ and its music can support us in this expensive project. The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society expresses its heartfelt gratitude to all supporters.

Happy International Organ Summer 2015!

Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrímskirkja

New CD with Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson has been organist at Hallgrímskirkja since 1982, when he returned to Iceland from his studies in Düsseldorf, Germany. He has played a key role in building up the church's artistic activities, founding the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society, the Hallgrímskirkja Motet Choir and the Schola cantorum chamber choir. Two acclaimed events on the Icelandic music calendar, the biennial Festival of Sacred Arts and the International Organ Summer concert series, were devised by Áskelsson, who is their artistic director. Many composers have dedicated their work to Áskelsson who has performed at important festivals and cathedrals in Europe such as Notre Dame in Paris, St. Sulpice and Cologne Cathedral. His latest CD, recorded in 2014, celebrates the renovation of the Klais organ.

KIRKJULISTAHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU / FESTIVAL OF SACRED ARTS

14. - 23. ágúst 2015 / August 14 - 23 2015



SOLOMON

eftir/ by G. F. Händel
Óratoría í 3 þáttum / Oratorio in three acts



Robin Blaze countertenor, King Solomon
Þóra Einarsdóttir Soprano, Solomon's Queen and first woman
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir Mezzosoprano, Queen of Sheba and second woman
Benedikt Kristjánsson Tenor, Zadok priest and attendant
Oddur Arnþór Jónsson Bass, Levite - The Hallgrímskirkja Motet Choir
The Hague International Baroque Orchestra, Concertmaster Tuomo Suni
Conductor Hörður Áskelsson - Admission 9.900/ 6.900 ISK

Tuesday August 18 - 8 pm BAROQUE CONCERT- "The other side of Händel"

The celebrated Icelandic baroque group "Nordic affect" with soprano, tenor and bass soloists, Ian Wilson recorderist from Scotland and Tuomu Suni violinist from Finland - Admission 3.900 ISK

Thursday August 20 - 8 & 10 pm DOUBLE CONCERT!

8 pm Olivier Latty organist of Notre Dame plays a solo recital

10 pm "Le Sacré de Printemps" by Stravinsky played with four hands and four feet by Olivier Latty and Shin-Young Lee.

Admission 8 pm 3500 ISK / 10 pm 2000 ISK / both concerts 4000 ISK

Friday August 21 - 5 pm Evensong with "KING'S MEN" Free entrance

8 pm Concert with "KING'S MEN" from King's College Choir, Cambridge. Conductor: Stephen Cleobury

Admission 4.900 ISK

Saturday August 22 - 3-9 pm REYKJAVÍK

CULTURAL NIGHT - FEAST OF HYMNS

Première of five Icelandic psalms by ten

Icelandic women, lyrics and music

King's Men Cambridge, Schola cantorum,

The Hallgrímskirkja Motet Choir,

Orlando Singers, various choirs

and soloists, etc - Free entrance

Sunday August 23 - 5 pm FINAL

CONCERT with Schola cantorum,

conductor Hörður Áskelsson. Program

includes premiere of "Missa semplice" by

John A. Speight for mixed choir, soprano

solo and harp, and gemstones of Icelandic choral music. Admission 3.900 ISK

kirkjulistahatid.is / listvinafelag.is -Ticket sale in Hallgrímskirkja, 354-510 1000/TIX.IS



Ágætu tónleikagestir

Velkomnir á tónleika Alþjóðlegs Orgelsumars 2015!

Klaisorgel Hallgrímskirkju er margslungið og heillandi hljóðfæri. Í 23 ár hefur það laðað til sín stóran hóp úrvals orgelleikara frá öllum heimshornum og tugþúsundir áheyrenda, sem sækja orgeltónleika eða fylgjast áhugasamir með æfingum organistanna á opnunartímum kirkjunnar. Ekki aðeins hinir litríku orgeltónar heilla kirkjugesti, heldur einnig stærð, útlit og listlegt samspil kirkjunnar og orgelsins. Það er gaman að fylgjast með svipnum á ferðafólki sem kemur í fyrsta sinn inn í kirkjuna. Eftir spölkorns göngu inn kirkjugólfíð, líta þau til baka þar sem orgelið blasir við og á það dettur svipur fullur undrunar og aðdáunar. Við sem hér störfum, höfum þetta orgel fyrir augum og eyrum alla daga. Það eru forréttindi sem gestir kirkjunnar eru duglegir að minna okkur á.

Alþjóðlegt Orgelsumar býður upp á orgeltónlist og flytjendur sem koma víða að. Í ár eru organistarnir frá 7 löndum og bjóða upp á efnisskrár með fjölbreyttri orgeltónlist. Ég vona að þið njótið vel þess sem hér er á borð borðið og að gleðjandi orgeltónarnir kalli fram góðar tilfinningar. Takk fyrir komuna.

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi



Dear guests

Welcome to the Hallgrímskirkja International Organ Summer concert series!

The Klais organ of Hallgrímskirkja is a complex and enchanting instrument, attracting for 23 years a large group of high-grade organists from all over the world and thousands upon thousands of guests, either attending concerts or eagerly watching the organists rehearse during the opening hours of the church. It is not just the colourful sounds of the organ that charm the guests of Hallgrímskirkja, but also its sheer size, appearance and the beautiful interplay between organ and church. It is always a great pleasure observing the faces of the tourists entering the church for the first time. After a short stroll along the church floor, they turn around and see the organ, their expressions ones of wonder and admiration. The organ and its use is a part of our daily routine here at Hallgrímskirkja and our guests remind us every day of what a privilege that is.

The International Organ Summer offers organ music and musicians from far and wide. This year the organists come from 7 different countries, playing varied programs. It is my hope that you enjoy what we have to offer here and that the joyous sounds of the Klais organ will bring out happiness in your hearts.

Thank you for your visit.

Hörður Áskelsson, Artistic Director

AÐGANGSEYRIR / ADMISSION

Hádegistónleikar / Lunchtime concerts: 2.000 ISK

Schola cantorum: 2.000 ISK

Sunnudagstónleikar / Sunday concerts: 2.500 ISK

Listvinir fá frítt inn á orgeltónleika sumarsins

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 33. STARFSÁR
HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 33RD SEASON



ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU 2015 THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER IN HALLGRÍMSKIRKJA 2015

13. JÚNÍ – 9. ÁGÚST / JUNE 13 – AUGUST 9



